

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2016

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heilðsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heilðsöluverð þó áhrif á allar vörur sem aðildarfélag SAM framleiða. Um árabíl hefur verið sátt um að verðlag á vörum, sem nefndin verðleggur ekki, taki breytingum nokkurn veginn í takt við ákvarðanir nefndarinnar. Við ákvarðanir á heilðsöluverði Verðlagsnefndar tekur nefndin tillit til afkomu mjólkuriðnaðarins, batni afkoman dregur Verðlagsnefnd úr verðhækkunum.

Verðlagsnefnd búvöru hélt sex bókaða fundi árið 2016.

Á fundi nefndarinnar 27. júní var ákveðið að hækka grundvallarverð mjólkur til bænda og heilðsöluverð mjólkurvara eins og eftirfarandi fréttatilkynning ber með sér:

Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heilðsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. Breytingin er einkum til komin vegna hækkunar launa. Hins vegar lækkar undanrennu- og mjólkurduft um 20% til að mæta áhrifum nýs tollasamnings við ESB og lækkun heimsmarkaðsverðs á dufti. Vegin meðaltals hækkun er því 2,1%. Kostnaður við lækkunina skiptist jafnt á milli bænda og mjólkuriðnaðarins. Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,77 kr. á lítra mjólkur, úr 84,39 kr. í 86,16 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 1,81 kr. Samanlögð hækkun heilðsöluverðs er því 3,58 kr. á hvern lítra mjólkur.

Á fundi nefndarinnar 20. desember var ákveðið að hækka grundvallarverð mjólkur til bænda og heilðsöluverð mjólkurvara eins og eftirfarandi fréttatilkynning ber með sér:

Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heilðsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 1,7% hinn 1. janúar nk. Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,24 kr. á lítra mjólkur, úr 86,16 kr. í 87,40 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 1,51 kr. á lítra mjólkur. Samanlögð hækkun heilðsöluverðs er því 2,75 kr. á hvern lítra mjólkur. Verðhækkunin er til komin vegna uppsafnaðra hækkana á vinnslu- og rekstrarkostnaði.

Á tímabilinu 1. júlí 2016 – 30. júní 2017, er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Björg Bjarnadóttir og Sverrir Björn Björnsson tilnefnd af Velferðarráðuneyti, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Arnar Árnason, fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson fulltrúar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Fulltrúar SAM í verðlagsnefnd búvöru þakka farsælt samstarf í nefndinni á árinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Rögnvaldur Ólafsson Guðrún Sigurjónsdóttir